

Formannafundur ÍBA

Haldinn á Rub 23 á Akureyri, þriðjudaginn 6. desember 2011 kl. 18.



Mætt voru:

Stjórn ÍBA: Þröstur Guðjónsson, Haukur Valtýsson, Ármann Ketilsson, Áslaug Kristjánsdóttir, Hörður Sigurharðarson og Margrét Ólafsdóttir sem ritaði fundargerðina. Magnús Gauti Gautason boðaði forföll.

Gestir: Hermann Sigtryggsson, Rebekka Guðmann, Kristinn Svanbergsson, Ólafur Rúnar Ólason og Ágúst Þór Árnason og Hjördís Olga Guðbrandsdóttir frá HA, Sigríður Stefánsdóttir afmælisnefnd Akureyrarbæjar, Óskar Jensson frá Samskip, Kristinn Svanbergsson,

ÍBA: Þóra Leifsdóttir

ÍSí: Viðar Sigurjónsson, Helga Steinunn Guðmundsdóttir

KFA: Grétar Skúli Gunnarsson, Sigfús Fossdal

KA: Sigurður H.

Eik: Haukur Þorsteinsson

BA: Kristján Þ. Kristjánsson, Björgvin Ólafsson

Þór: Sigfús Ólafur Helgason, Haraldur Ingólfsson

GA: Halla Sif

SA: Finnur Steingrímsson, Björn Snær Guðbrandsson

Nökkvi: Rúnar Þór Björnsson, Gauti Elvar Arnarson

SA: Ólöf Björk Sigurðardóttir, Rut Hermannsdóttir

Léttir: Andrea Þorvaldsdóttir, Halldór Lind

Karatefél. Ak: Jóhannes Sigmundar, Rut Guðbrandsdóttir

KA: Gunnar Jónsson

KKA: Þorsteinn Hjaltason, Stefán Þór Jónsson

GA: Guðmundur Esra Ófeigsson

Akur: Jósep Sigurjónsson

UFA: Gunnar Gíslason

Óðinn: Arnar Snorrason, Halla Halldórsdóttir

FIMAK: Guðrún Vaka, Friðbjörn Möller

TBA: Kristján Magnússon

SKA: Hildigunnur Svavarsdóttir

Þröstur Formaður setti fundinn, lýsti yfir ánægju með mætinguna og vakti athygli á að 2 fulltrúum frá hverju félagi var boðið að þessu sinni. Hann bauð heiðursfélaga ÍBA Hermann Sigtryggsson og konu hans Rebekku velkomin sem og aðra gesti fundarins.

Þröstur sagði frá síðasta formannafundi en vonbrigði voru með mætingu. Síðan sagði Þröstur frá helstu málum sem hafa komið upp frá því að fundurinn var haldinn. Erindi frá Akureyrarbæ um samninga við félögin og misræmi milli áætlana og ársreikninga félaganna sem hann sagði að þyrfti að bæta. Umræðu um að auka stöðugildi innan ÍBA til að leysa ákveðin mál fyrir hönd Akureyrarbæjar. Einnig sagði hann frá vinnu við yfirferð á nýtingu í tímum í mannvirkjum Akureyrarbæjar að ósk bæjarins. Síðan sagði hann frá tveimur erindum sem óska eftir þátttöku ÍBA í nefndum, um nýtingu gístiaðstöðu í grunnskólum bæjarins og um auglýsingar og kynningar íþróttar og viðburða í grunnskólum bæjarins.

Síðan hóf Þröstur dagskrána og kynnti fyrsta lið.

1. Fyrirlestur um ábyrgð og skyldur stjórnarmanna íþróttafélaga

Ólafur Rúnar Ólasson flutti áhugaverðan fyrirlestur um ýmis lagaleg atriði er tengjast rekstri og starfsemi íþróttafélaga. Hér á eftir fara punktar úr erindinu:

Ábyrgð stjórnar og stjórnarmanna: Menn gegn a mismunandi hlutverkum sem mikilvægt er að hver ræki vel en þá sé skýrt hver ábyrgðin er. Yfirstjórn er raunveruleg stjórn í félagi og hefur yfirstjórn í málum. Mikilvægt er að stjórn sé fullmönnuð og hún þarf að vera meðvituð um starfsemina. Ekki eru til neinar skráðar reglur um íþróttafélög nema hjá félögunum sjálfum.

Almenn atriði um íþróttafélög og félagsformið: Þarf að setja lög um íþróttafélög? Íþróttafélög hafa réttindi og skyldur og þarf með mögulega aðild að dómstólum. Oftast er ófjárhagslegur tilgangur með rekstrinum en tilgangur markar störf stjórnar viðkomandi félags og þarf að vera formlegur og ljós og í samræmi við starfsemi félagsins. Samþykktir marka rammann og oft eru miklir fjármunir umleikis. Betri, formlegri og vandaðri skráning um starfið myndi skýra ábyrgðir en má ekki vera of mikil þannig að dragi úr þrótti starfsmannanna.

Skaðabótaábyrgð stjórnar og stjórnarmanna er frekar óljós og spurning hvenær ábyrgð er borin. Umboð er fengið í krafti samþykka til að skuldbinda félagið og hver og/eða hverjir geta það. Mikilvægt að viðkomandi hafi umboðið. Stjórn félags ber ábyrgð á fjárreiðum ekki bara gjaldkeri. Mikilvægt t.d. að uppgjör á launagreiðslum og opinberum gjöldum séu í öruggum skorðum. Hægt að draga til ábyrgðar ef ekki gerð skil á. Reifaði Ólafur skaðabótamál sem íþróttafélag lenti í vegna óhapps í húsnæðinu og bar þá félagið og stjórnin ábyrgð. Íþróttafélög eru atvinnurekendur með ýmsum skyldum og lögum og það þarf að vera mjög víðtæk kunnátta fyrir hendi hjá stjórnendum.

Niðurstaðan: Ábyrgðin er talsverð, íþróttafélög eru alvöru félög þó að tilgangur sé ófjárhagslegur. Þegar stjórnir eru skipaðar er æskilegt að sé ekki skipað tilviljanakennt, víðtæk þekking s.s. af rekstri er mikilvæg. Ef íþróttafélag með 5-800 iðkendur í mörgum deildum, með mannvirki, mótahald og gestamóttöku er borið saman við alvöru atvinnurekstur, er kraftaverk að skuli vera hægt að reka á sjálfbóðaliðum. Ekki hægt nema að félaginu og tilgangi þess sé sýnd virðing. Ef bókhald er í lagi, fundir reglulegir, stjórn talar saman og fundargerðir gerðar þá er starfsemin í lagi.

Þróstur þakkaði Ólafi fyrir erindið.

2. Samstarf við Samskip um jólapakka

Óskar Jensson frá Samskip kynnti jólapakkatilboð sem felst í að allt andvirði jólapakkasendinga til og frá Akureyri falli til íþrótt- og æskulýðstarfs á svæðinu, ÍBA taki við afrakstrinum og dreifi til aðildafélaganna. Samskip fer þess á leit við aðildafélögin að þau taki þátt í auglýsingunum og að koma þessu vel á framfæri með því vonaðist hann til að hækka upphæðirnar. Sagði hann einnig mögulegt að gera samning til lengri tíma ef vel tekst til.

Þróstur sagði ekki hægt að neita svona góðu boði og hvatti til þess að félögin tækju virkan þátt.

3. Málefni ÍSÍ

Helga steinunn Guðmundsdóttir, ritari ÍSÍ tók til máls og sagði frá nýliðnu ársþingi ÍSÍ þar sem hún náði kjöri í stjórn og þakkaði hún fyrir stuðninginn í kosningunum. Hún tók undir og lýsti ánægju með erindi Ólafs um skyldur og ábyrgðir stjórnarmanna. Helga sagði frá nýliðnum formannafundi ÍSÍ og helstu málum er tekin voru fyrir á honum. Farið var yfir starfsemi deilda og sviða, ólympíuárið framundan og gífurlega aukningu í almenningsíþróttum. Þar var einnig rætt um afmæli ÍSÍ á næsta ári. Eitt verkefni sem lögð verður áhersla á er fyrirmyndarfélagið en einnig aukið samstarf við sveitafélög. Helga minntist á ferðasjóð sem hún veitir forstöðu sem farið verður að veita úr í byrjun janúar og hvatti hún fundarmenn til að fara að huga að umsóknum, einnig úr afrekssjóði og ólympíusjóði íþróttamanna. Hún sagði að lokum að starfsemi ÍSÍ væri rekin samkvæmt íþróttalögum en rekstrarframlag farið lækkanði. Starfið væri þrátt fyrir það mikið og gott.

Helgu var þakkað framlagið til fundarins.

4. 150 ára Afmæli Akureyrarbæjar

Sigrún Stefánsdóttir sagði frá hugmyndum hvernig haldið skyldi upp á afmælið, afmæli íbúanna. Áhersla væri á að efla samhug og almenna þátttöku bæjarbúa og gesta en einnig nota tækifærið til að vekja athygli á bænum. Hún fór yfir íbúáþróun frá 1862 til dagsins í dag, frá 282 til 17.800 manns. Sigrún kynnti nefndina, starfsmenn hennar, verkefni og ábyrgð. Hún fór yfir viðburði og hátíðarhöld á afmælisárinu og sagði frá áherslum. Sagði frá hönnun afmælismarkissins og kynnti það. Sagði frá fleiri afmælum á árinu og einstökum verkefnum sem komin eru af stað. Að lokum sagði hún "Afmælis árið er tækifæri og öll framlög vel þegin".

Sigrúnu var þakkað fyrir og allir hvattir til þess að taka virkan þátt.

6. Önnur mál

Kristinn Svanbergsson er að láta af störfum sem íþróttafulltrúi og var honum færður blómvöndur frá ÍBA sem þakklætisvottur fyrir samstarfið.

Sigfús Helgason Formaður Þórs tók til máls og sagði tímamót í íþróttahreyfingunni á mörgum sviðum. Hann sagði hækkunar kostnaðar væru áhyggjuefni og einnig að bæjarstjórn væri ekki búin að ráða íþróttafulltrúa í stað Kristins Svanbergssonar og lýsti yfir áhyggjum sínum yfir því. Sigfús óskaði eftir því að ÍBA gengi eftir svörum frá bænum við því hverjir eiga að vera í forsvari og þakkaði KS fyrir samstarfið. Sigfús nefndi síðasta formannafund og boðun á hann með dagskrárliðum. Lýsti hann einnig yfir ánægju með erindið um ábyrgð og skyldur stjórna íþróttafélaga og velti fyrir sér réttarstöðu rekstraraðilans og eigandans í þeim tilfellum þegar íþróttafélög reka mannvirkin.

Viðar Sigurjónsson sviðstjóri ÍSÍ tók undir áhyggjur í íþróttamálum bæjarins og þakkaði KS fyrir samstarfið. Hann sagði að fram hafi komið að ráðinn yrði starfsmaður um íþróttamál undir samfélags- og mannréttinda deild, sem hann taldi gríðarlega afturför hjá bæ sem stærir sig af því að vera íþróttabær. Sérstaklega mikilvægt væri eftir uppbyggingu mannvirkjana að hafa fagmann við störf, aukið samstarf væri á döfinni við ÍSÍ en enginn starfsmaður væri til staðar í verkið. Hann sagði þetta vera vanhugsaða breytingu sem spari hugsanlega aura en kasti krónum.

Kristinn Svanbergsson tók til máls og sagði íþróttadeildina hafa stækkað á undanförunum árum með mikilli veltuaukningu. Mikil fjárbinding væri í mannvirkjum og rekstri þeirra og miklir hagsmunir í húfi. Íþróttafélögin leggja á sig vinnu við mannvirkin sem væri stuðningur við bæjarfélagið. Hann þakkaði fyrir samstarfið á liðnum árum.

Gunnar Jónsson frá KA tók til máls um fjárhag íþróttafélaga. Rekstrarvísitala var fryst í rekstrarframlagi frá bænum við hrúnið og eru félög komin í þrot. Hann sagðist undrast feimni við umræðuna innan ÍBA.

Friðbjörn Möller frá FIMAK lagði til að fundurinn samþykkti ályktun um að fá skýr svör frá Akureyrarbæ um aðgerðir við vanda félaganna.

Þróstur sagði ÍBA vera búið að ganga eftir svörum.

Sigfús sagði óvíst hvað kæmi út úr viðræðunum og sérstaklega þegar enginn væri íþróttafulltrúinn. Hann sagði þá hafa reiknað vísitöluna og tekjuskerðing hjá Þór væri um kr. 10.000.000 eftir frystingu hennar. Hann sagði rekstrarsamninga líka hafa verið frysta en alla liði hafa hækkað umtalsvert. Tekur undir með Gunnari og óskar eftir að verði boðað til fundar fljótlega til að ræða þessi mál.

Þróstur þakkaði góða mætingu, minnti á að senda inn tilkynningu um Íþróttamann Akureyrar fljótlega og bauð öllum viðstöddum til kvöldverðar.

Fundi var slitið kl.20.05